

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Samgöngustofu skv. auglýsingu nr. 338/2015, með síðari breytingum.

1. gr.
Gjaldliður 6.3.1 breytist með eftirfarandi hætti:
Tilvísun til margföldunarstuðuls verður 2.020 klst. á ári í stað 1.720 klst. á ári.
2. gr.
Gjaldliður 6.6.1 verður svohljóðandi:
Flugvöllur í flokki I sem starfrækir blindlendingarkerfi í flokki II eða III 20.000.000 kr.
3. gr.
Gjaldliður 6.9.5 verður svohljóðandi:
Brottfararfarþegar milli 100.001 og 5 milljónir farþega (heildarfjöldi) 21.000.000 kr.
4. gr.
Nýr gjaldliður 6.9.6 verður svohljóðandi:
Brottfararfarþegar > 5 milljónir farþega (heildarfjöldi) 28.000.000 kr.
5. gr.
Gjaldliður 6.9.9 verður svohljóðandi:
Viðurkenndir birgjar loftfara 140.000 kr.
6. gr.
Nýr liður 6.9.13 verður svohljóðandi:
Flugafgreiðsluaðili 482.800 kr.
7. gr.
Nýr liður 6.9.14 verður svohljóðandi:
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar: 68.500 kr.
8. gr.
Nýr liður 6.9.20 verður svohljóðandi:
Aðili með fleiri en eitt samþykki vegna flugverndar (6.9) greiði hæsta gjald að fullu, en þriðjung annarra gjalda.
9. gr.
Við lið 14.1 bætist í lok setningar:
þar með talið vegna drónaflugs.

10. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Auglýsing þessi er sett með heimild í III. kafla laga nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 17. júlí 2018.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.